

Efnahags- og viðskiptanefnd
Nefndasvið skrifstofu Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 25. maí 2020

Efni: Umsögn BHM um frumvarp til laga um stuðning úr ríkissjóði vegna greiðslu hluta launakostnaðar á uppsagnarfresti.

Bandalag háskólamanna hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um stuðning úr ríkissjóði vegna greiðslu hluta launakostnaðar á uppsagnarfresti. Í 2. gr. frumvarpsins kemur fram að markmið laga þessara er m.a. að tryggja réttindi launafólks. Bandalagið hefur það að leiðarljósi við umsögn þessa.

Í 4 gr. frumvarpsins eru talinn upp skilyrði atvinnurekanda til þess að geta óskað eftir stuðningi úr ríkissjóði vegna greiðslu launakostnaðar á uppsagnarfresti. Lagt er til að í 4. tölul. verði bætt við því skilyrði að atvinnurekandi sé ekki í vanskilum með launatengd gjöld (sbr. upptalningu í frumvarpi um framlengingu hlutabótaleiðar, 813. mál.).

Í 10 gr. frumvarpsins, um breyttar aðstæður launamanns, kemur fram að *Komi til þess að launamaður taki við öðru launuðu starfi eða hefji sjálfstæðan rekstur, sem leiði til þess að atvinnurekandi felli niður launagreiðslur áður en uppsagnarfresti hans lýkur, fellur niður réttur atvinnurekanda til stuðnings vegna viðkomandi launamanns.* Til fyllinga þessu kemur fram í greinargerð með frumvarpinu að *vinnuveitanda hefur verið talið heimilt að draga frá launagreiðslum í uppsagnarfresti launatekjur sem starfsmaður aflar sér vegna starfa í þágu annars vinnuveitanda á uppsagnarfresti og að lagt er til að stuðningur samkvæmt lögum skerðist samhliða slíkum frádrætti.* BHM fagnar því að í greinargerð frumvarpsins sé framkvæmt 10 gr. útskýrð nánar þannig að enginn vafi sé annarsvegar á réttarstöðu launamanns fái hann starf í þágu annars vinnuveitanda á uppsagnarfresti, og hinsvegar á áframhaldandi stuðning vinnuveitanda í samræmi við skertar launatekjur á uppsagnarfresti.

Mikilvægt er að í 11 gr. frumvarpsins, um réttindi launamanns, sé skýrt kveðið á um rétt launamanns til að fara í nýtt starf bjóðist það á uppsagnarfresti skv. ráðningar- eða kjarasamningi. Kjósi atvinnurekandi að nýta úrræði ríkisstjórnarinnar, verði starfsmaður ekki bundinn af úrræði þessa frumvarps í þeim skilningi að bjóðist starfsmanni starf annars staðar sem hann vill hverfa til sé honum frjálst að hverfa til þess starfs.

BHM vil sjá fjárstuðning ríkissjóðs til atvinnurekanda í frumvarpi þessu bundið við takmörkun á vinnuframlagi starfsmannsins. Þannig getur atvinnurekandi sem nýtir úrræði ríkisstjórnarinnar ekki krafist meira vinnuframlags starfsmanns en sem nemur því launahlutfalli sem atvinnurekandinn greiðir á uppsagnarfrestinum. Það getur ekki talist eðlilegt að fyrirtæki geti verið með starfsfólk í 100% starfshlutfalli og nýtt starfskrafta þeirra að fullu, einungis borgað um 15% af launakostnaði.

BHM hefur miklar áhyggjur af launamönnum sem eru í fæðingarorlofi þegar að kemur að uppsögn og úrræðum þessa frumvarps. Berist starfsmanni uppsögn í fæðingarorlofi, í samræmi við lög og reglur þar um, og hafi atvinnurekandi kosið að nýta úrræði þessa frumvarps, leggur BHM til að það verði í höndum starfsmannsins að ákveða hvort hann fresti töku fæðingarorlofs á meðan uppsagnarfresti stendur. BHM telur það nauðsynlegt að skýrt verði tekið á því í lögum þessum hvernig fer með starfsmenn í fæðingar – eða foreldraorlofi.

Í 14. gr. frumvarpsins kemur fram að skattinum er heimilt að birta opinberlega upplýsingar um hvaða atvinnurekendum hefur verið ákvarðaður stuðningur úr ríkissjóði samkvæmt lögum þessum. BHM telur réttara að orðalag verði skýrt og afdráttarlaust á þann veg að skatturinn skuli veita upplýsingar og þá hvaða upplýsingar skal veita. Það er að mati BHM heppilegra að löggjafinn taki ákvörðun um þetta í stað þess að veita stofnun heimild til að veita upplýsingar með tilheyrandi vandræðagangi eins og í tilviki Vinnumálastofnunar síðustu vikur.

Að lokum átelur BHM stjórnvöld fyrir að hafa eingöngu haft samráð við Alþýðusamband Íslands við gerð frumvarpsins, en ekki önnur heildarsamtök launafólks.

Virðingarfyllt
f.h. BHM,



Karen Ósk Pétursdóttir
Sérfræðingur í kjara- og réttindamálum
hjá Bandalagi háskólamanna